



Reykjavík, 5. nóvember 2019

SFS2019110025

175. fundur

HG/fbj

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um menntastefnumót í Reykjavík 10. maí 2021

Lagt er til að haldið verði menntastefnumót þann 10. maí 2021, heilsdagsráðstefna í Hörpu, með það að markmiði að auka sýnileika þess fjölbreytta þróunar- og nýsköpunarstarf sem unnið er á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Menntastefnumótið verði liður í að leggja mat á hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar 2018-2021. Fjármagn vegna árlegra ráðstefna í leikskóla-, grunnskóla- og frístundastarfi verði nýtt til að halda menntastefnumótið.

Greinargerð

Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 hófst með formlegum hætti í kjölfar samþykktar borgarstjórnar 20. nóvember 2018 en [fyrstu skref innleiðingarinnar voru tekin saman í skýrslu sem kynnt var fyrir skóla- og frístundaráði í júní 2019](#).

Í almennum aðgerðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ segir:

Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga. Á næstu þremur árum mun Reykjavíkurborg veita nauðsynlegan stuðning í formi almennra aðgerða til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Að þessu tímabili loknu verður mat lagt á hvernig til hefur tekist og gerðar nauðsynlegar endurbætur í ljósi reynslunnar.

Í ljósi framangreinds hefur framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs og innleiðingarhópur menntastefnu rætt möguleikann á því að halda sameiginlegt menntastefnumót, stóra heilsdagsráðstefnu í Hörpu, mánudaginn 10. maí 2021. Þann dag yrðu starfsdagar í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar þannig að sem flest starfsfólk skóla- og frístundasviðs geti tekið þátt í menntastefnumótinu.

Markmiðið með mótinu er að gera sýnilegt allt það fjölbreytta þróunar- og nýsköpunarstarf sem unnið er á skóla- og frístundasviði borgarinnar og er það liður í að leggja mat á það hvernig til hefur tekist við innleiðingu stefnunnar 2018-2021.

Áhersla verði á fjölbreyttar kynningar erlendra og innlendra sérfræðinga, menntabúðir, kynningar og sýningar á þróunar- og nýsköpunarstarfi með börnum í borginni og margt fleira. Reikna má með að áhersla verði á að starfsstaðir geti nýtt hluta dagsins á heimavelli en tekið þátt í menntastefnumótinu hinn hluta dagsins. Þannig er gert ráð fyrir kaflaskiptingu í dagskrá dagsins með því að ákveðinn hluti dagskrár tengist leikskóla í ríkum mæli, grunnskólinn fær sinn hluta og frístundastarfið sinn hluta.

Lagt er upp með að menntastefnumót í Hörpu komi í staðinn fyrir hefðbundnar ráðstefnur sem haldnar hafa verið, þ.e. leikskólaráðstefnu sem haldin hefur verið í tilefni Dags leikskólans, Öskudagsráðstefnu grunnskóla og Höfuð í bleyti frístundastarfsins. Kostnaður vegna menntastefnumótsins mun rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs.

Þessi hugmynd hefur þegar verið lögð fyrir samráðsfundi stjórnenda í skóla- og frístundastarfi sem hafa tekið vel í hana.